
1931 nr. 36 8. september
Lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra

■ **1. gr.** Sóknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, með 500 eða 700 kr. hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erfiðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.

□ Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrir-

fram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

■ **2. gr.** Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

■ **3. gr.** Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá,¹⁾ er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

¹⁾ Gjaldskrá 149/1986.